

Hvolpasýning HRFÍ, 12.júní 2021

Viðtöl: Svava Björk Ásgeirsdóttir

Loksins kom að því að sýning á vegum HRFÍ varð að veruleika eftir 15 mánaða hlé. Hvolpasýning félagsins var haldin með pomp og prakt á Víðistaðatúni í Hafnarfirði á sólríkum laugardegi þann 12.júní síðastliðinn. Það voru brosmild andlit og dillandi skott sem komu saman á fallegum stað sem fest hefur sig í sessi sem frábært sýningarsvæði fyrir félagið. Gleðin var við völd og mikil gleði og spennu í loftinu. Fólk var orðið sólgíð í að koma saman og njóta þess að sinna áhugamálinu, fá álit dómara á ungið og hvolpum og eiga góða stund.

Hvolpasýningin var fyrsta sýning ársins og heldur betur glæsileg í alla staði. Það voru 270 hvolpar sem voru skráðir á sýninguna og 14 ungir sýnendur voru skráðir til leiks í keppni ungra sýnenda sem haldin var þann sama dag. Sýningin var sérstaklega glæsileg og er upplifun dómara á þann veg sem við var að búast, öll voru þau sammála um frábæra stemningu og umgjörð. Það er ekki of oft kveðin sú vísa að þeir félagsmenn og starfsfólk HRFÍ sem standa að framkvæmd sýninganna okkar eiga endalaust hrós skilið, þeirra vinna er ómetanleg og fyrir það ber að þakka nú sem fyrr.

Það var virkilega gaman að sjá íslensku dómara okkar að störfum í hringnum og ljóst að við eigum hér toppfólk með sérþekkingu á sínu sviði. Dómarar sýningarinnar voru þau Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Daníel Örn Hinriksson, Herdís Hallmarsdóttir, Lilja Dóra Halldórsdóttir, Sóley Halla Möller, Sóley Ragna Ragnarsdóttir, Þorbjörg Ásta Leifsdóttir og Þórdís Björg Björgvinsdóttir. Dómari í keppni ungra sýnenda var Guðrún Dögg Sveinbjarnardóttir. Keppni ungra sýnenda var vel sótt að þessu sinni og voru 14 ungir sýnendur skráðir til leiks, níu keppendur í eldri flokki og fimm keppendur í þeim yngri.

Ljóst er að framtíðin er björt og brosmild og hvolpasýningin gaf félagsmönnum sem stunda ræktun og sýningar byr undir báða vængi.

Hér á eftir má finna ummæli dómara um upplifun þeirra af sýningunni og hvað stóð upp úr að þeirra mati.

Þorbjörg Ásta Leifsdóttir

„Fallegir hvolpar sem gaman verður að fylgjast með í framtíðinni“

Þorbjörg Ásta Leifsdóttir var mjög ánægð með sýninguna í heild sinni: „Mér fannst sýningin frábær, það var æðislegt að koma saman eftir langa pásu og stemningin var mjög góð“.

Þorbjörg dæmdi tegundirnar tibet spaniel, tibetan terrier, japaneze spitz, german spitz, pomeranian, briard, border collie og þýskan fjárhund. Að hennar mati var lítil skotta sem tóð upp úr að hennar mati: „Tíbet spaniel tíkin sem vann yngri hvolpaflokk stóð upp úr deginum. Rosalega vel gerð og tegundartýpísk tík með fallegar hreyfingar“.

Þegar Þorbjörg er spurð út í álit sitt á gæðum tegundanna í heild sinni segir hún að þau hafi verið góð, hvolparnir hafi verið skapgóðir og vel þjálfaðir. Það þurfi þó að passa upp á að halda þeim í eðlilegum holdum, of margir hvolpar voru of þungir.

Að mati Þorbjargar stendur algerlega upp úr að fá aftur að hitta hundafólk og vera í sýningarumhverfinu. „Þetta var dásamlegur dagur með fallegum hvolpum sem verður gaman að fylgjast með í framtíðinni. Sýnendur voru almennt mjög glaðir og almennilegir og það leit út fyrir að allir hefðu saknað félagsins og sýninganna.“

Auður Sif Sigurgeirsdóttir

„Það er fátt krúttlegra en örlítið óþekkur hvolpagormur!“

Auður Sif dæmdi tegundir sem tilheyra tegundahópi 8; labrador retriever, golden retriever og enskan cocker spaniel sem og whippet sem tilheyrir tegundahópi 10. Auður ólst

upp með labradorum og hefur mjög sterkar taugar til tegundarinnar í heild og finnst alltaf jafn gaman að dæma þá enda séu þeir svolítið „hennar tegund“ eins og hún orðar það sjálf.

Auði fannst sýningin virkilega vel skipulögð og vel heppnuð. Hún segist hafa haft frábært starfsfólk í hringnum, bæði ritara og hringstjóra, þannig að allt gekk eins og best var á kosið. „Það var virkilega gaman að fá loksins að „hundast“ aftur og hitta allt dásamlega fólkið sem deilir þessu áhugamáli og ferfætlingana þeirra aftur eftir allt of langt hlé!“.

Góð gæði í öllum tegundum

Auður segist hafa dæmt hvolpa af miklum gæðum í öllum tegundunum en hvolpurinn sem stóð upp úr að hennar mati var enska cocker spaniel-tíkin sem var svo valin besti hvolpur sýningar í eldri flokki. „Virkilega falleg tík sem var með alla þá kosti sem enskan cocker eiga að prýða“ segir Auður. Auður tekur fram að hvolpar á þessum aldri séu enn að taka út þroska og breytast. „Á ákveðnum aldri eru sumir þeirra farnir að „vaxa úr sér“ sem er alveg eðlilegt. Ég hafði það alltaf í huga í umsögnum mínum. En eins og ég sagði áður þá fann ég hvolpa sem mér finnst líklegt að eigi framtíðina fyrir sér í sýningarhringnum!“

Aðspurð um hvort það sé eitthvað sem hún hefur áhyggjur af hvað ræktun varðar í þeim tegundum sem hún dæmdi segist hún ekki hafa áhyggjur af neinu, en huga þurfi að holdafari hvolpa. „Ég hef ekki áhyggjur af neinu svo sem, en eigendur þurfa að gæta þess að hvolparnir þeirra verði ekki of feitir. Ofþyngd á þessum aldri getur haft slæm áhrif á liði. Best er ef hvolpar eru í góðum holdum, hvorki of grannir né of feitir“.

Fallegir hvolpar í úrslitahringnum

„Það var virkilega gaman að fylgjast með þessum yndislegu krúttum koma inn í stóra hringinn ásamt sýnendum sínum. Það er fátt krúttlegra en örlítið óþekkur hvolpagormur! Ég dæmdi ekki úrslit sýningarinnar en fylgdist með á hliðarlínunni og sá fjölmarga virkilega lofandi hvolpa. Ég öfundaði þær Sóleyju Höllu Möller og Herdísi Hallmarsdóttur svo sannarlega ekki að þurfa að velja úr þessum stóra hópi en var mjög ánægð með þá hvolpa sem þær völdu áfram og enduðu á að setja í verðlaunasæti. Virkilega fallegir hvolpar!“.

Mikilvægt að upplifun hvolpa og sýnenda sé góð inni í hringnum

„Það skemmtilega við svona óformlega hvolpasýningu er hve afslappaðir allir eru. Það er svo mikilvægt að upplifun hvolpa og sýnenda sé góð inni í hringnum og ég lagði áherslu á það þegar ég skoðaði hvolpana. Mæðgurnar Hilda Björk og Anna María voru starfsmenn mínir í hring og stóðu sig óaðfinnanlega! Allir sýnendur voru mjög kurteisir og tóku ákvörðunum mínum vel – allavega þegar ég sá til!“.

Þegar Auður er spurð um hvað hafi staðið upp úr hjá henni á sýningunni var svarið einfalt:

„Það sem stendur upp úr er þessi yndislega tilfinning að fá að sinna þessu frábæra áhugamáli aftur eftir allt of langt hlé!“.

Lilja Dóra Halldórsdóttir

„Hvolpasýning er góð æfing fyrir hvolpinn og á að vera jákvæð upplifun fyrir hann“

Aðspurð um umgjörð sýningarinnar var Lilja Dóra mjög sátt við fyrirkomulagið. „Skrifstofa HRFÍ kann upp á tíu að setja upp og reka sýningu“. Þegar hún er innt eftir því hvenær hún dæmdi hér heima síðast segir hún að hún hafi ekki dæmt hér í nokkurn tíma. „Ég hef ekki dæmt heima síðan ég fékk dómarréttindin. Þá samþykkti ég að dæma hér þar sem það var skilyrði til að geta dæmt erlendis. Annars hef ég beðist undan því þar sem ég hef átt sæti í sýningastjórn og hef yfirleitt verið sýningarstjóri á sýningum félagsins. Mér finnst gaman að vinna við sýningarnar okkar“.

Sýningarnar að stækka

Lilja Dóra nefnir nokkur atriði þegar hún er spurð út í það hvaða breytingar hafa átt sér stað hvað sýningarnar varðar síðan hún dæmdi hér síðast. „Helstu breytingarnar hafa líklega átt sér stað á síðustu 6-8 árum. Fyrir utan stærð sýninganna, sem nálgast orðið 1000 hunda, erum við komin með útisýningar sem hafa fest sig í sessi. Þá hefur mælst vel fyrir að hafa innisýningarnar með þema, annars vegar Norðurljósa og hins vegar Winter Wonderland. Nú stendur til að færa innisýningarnar í stærra húsnæði, en Víðidalurinn er sprunginn utan af okkur. Það mun vonandi bæta aðstöðu sýnenda og hunda fyrir utan dómhring“.

Góð gæði

Lilja Dóra dæmdi íslenskan fjárhund, australian shepherd og white swiss shepherd auk dalmatíuhunda. Hún var mjög ánægð með gæðin í heild sinni í þessum tegundum. „Ég held að flestir hafi fengið „Sérlega lofandi“ í gæðadóm hjá mér. Það sem dró einhverja niður var mikið óöryggi í hringnum og einhverjir voru allt of feitir, en bæði þessi atriði er auðvelt að laga“. Hún segist ekki leggja of mikið upp úr gæðadómi á ungum hvolpi sem eigi eftir að stækka og þroskast mikið næstu mánuði. „Í mínum huga er hvolpasýning fyrst og fremst æfing fyrir hvolpinn og á að vera jákvæð upplifun fyrir hann. Það sem stóð almennt upp úr hjá mér var að eiga þennan dag með hundafólki og dásamlegum hvolpaskottum“.

Lilja Dóra hefur ekki áhyggjur af neinu hvað ræktun varðar í þeim tegundum sem hún dæmdi. „Ég held að ræktendur þessara hunda viti alveg hvað þeir eru að gera“.

Íslenski fjárhundurinn með sterkleg höfuð og fyrirheit um kröftuga líkamsbyggingu

Þegar hún er innt eftir því hverjir hafi verið kostir og gallar í þessum tegundum segir hún; „Með öllum fyrirvörum um mjög ungan aldur flestra þessara hvolpa og að þeir eiga eftir að þroskast í marga mánuði, þá get ég nefnt að ég var hrifin af því hvað íslensku fjárhundshvolparnir voru almennt með sterkleg höfuð og fyrirheit um kröftuga, breiða líkamsbyggingu. Einstaka hvolp vantaði betri axlir og háls og ég sá lítil augu sem ég man ekki eftir að hafa rekist á áður“.

Sterkleg höfuð, góð bein og samstilltar hreyfingar í australian shepherd

Lilja Dóra dæmdi einnig australian shepherd hvolpa og var einnig ánægð með þá. „Ástralski fjárhundurinn hefur yfirleitt nokkra breidd og hana mátti líka sjá í hvolpahópnum að þessu sinni. Ég var ánægð með það sama og hjá íslenska fjárhundinum, almennt sterkleg höfuð og góð bein. Sem vinnuhundur þarf aussie að geta hreyft sig með löngum, áreynslulausum skrefum og sum hvolpabörnin voru þegar komin með fínar samstilltar hreyfingar, en önnur voru að flýta sér að vaxa og þroskast í öðru. Þetta er svo afstætt á þessum aldri“.

Í white swiss shepherd var Lilja Dóra ánægð með heilbrigða og fallega byggingu hvolpanna og segir að dalmatíuhvolparnir tveir sem mættu í hringinn hefðu verið dæmigerðir fyrir tegundina.

Nokkuð um óöryggi í hringnum

Lilja Dóra nefnir óöryggi í hringnum hjá einhverjum hvolpum. „Nokkuð fleiri hvolpar en maður á að venjast voru óöruggir í hringnum en ég ætla að kenna Covid um það. Umhverfisþjálfun í margmenni og handfjötlan ókunnugra hafa ekki verið efst á vinsældarlistanum síðustu mánuði. Ég vona að ég sjái sem flesta þessara hvolpa aftur á ágústsýningunum, keika og örugga með sig“.

Margir í úrslitahring sýningar sem gripu augað

Hún segir að margir hvolpar, í báðum aldursflokkum, hafi vakið athygli hennar í úrslitahring sýningarinnar. „Ég sá marga sem gripu augað og ég öfundaði ekki Herdísi og Sóley Möller að þurfa að velja úr þessum hópi!“.

Í heildina litið var Lilja Dóra afskaplega ánægð með sýninguna í heild sinni og segir að það hafi skinið í gegn hve allir voru glaðir að komast loksins á sýningu, og spennan sé mikil fyrir yfirvofandi ágústsýningu. Allt utanumhald sýningarinnar hafi verið til fyrirmyndar og að samstaða og samvinna félagsmanna hafi verið við völd. „Það er svo gaman í hundunum og

við getum allt þegar við stöndum saman“ segir Lilja Dóra þegar hún er innt eftir góðum ráðum til félagsmanna.

Daníel Örn Hinriksson

„Félagsandinn stóð upp úr, númer eitt, tvö og þrjú!“

Daníel var mjög ánægður með sýninguna í heild sinni og nefndi að það hefði verið áþreifanlegt hvað félagsmönnum þótti gaman að koma á sýningu eftir margra mánaða bið. „Mér fannst sýningin heppnast gríðarlega vel, með kærri þökk til allra þeirra sem að henni komu. Það var sérlega gaman að hefja starfið á hvolpasýningu, hvolparnir allir að stíga sín fyrstu skref í sýningahringnum og nýjir félagsmenn að kynnst þessari hlið á starfi félagsins.

Daníel Örn dæmdi síðast hérlendis árið 2018 og var mjög spenntur að sjá sýninguna verða að veruleika og nefnir að hann skynji að fólk sé spennt fyrir því að allt starf félagsins komist í fyrra horf.

Dásamlegt ungvíði!

Daníel Örn dæmdi tegundirnar bichon frisé, havanese, chihuahua, coton de tuléar, griffon bruxellois, lhasa apso og poodle. Heilt yfir fannst honum hvolparnir fínir, þetta hefðu verið gotsystkin í flestum tilfellum eða þá tvö got. „Það sem stóð upp úr er hversu dásamlegt allt þetta ungvíði er, hvað þau höfðu langflest fengið fína og réttláta þjálfun. Myndin í höfðinu á mér af griffon hópnum sem stóð svo prúður og fínn í fallegrri röð, er ógleymanleg, skúffurnar og þessi augu og bara hvernig þau voru bræddi alveg hjartað“. Daníel nefnir miniature poodle tík sem hafi verið ótrúleg; „Þvílíkur karakter, algjör glenna, og virkilega falleg í alla staði“.

Heildargæði góð í coton de tuléar

Coton de tuléar hvolparnir voru heilt yfir mjög fallegir að sögn Daníels og sérstaklega var hann hrifinn af hvolpinum sem varð besti hvolpur tegundar í eldri flokki, 6 - 9 mánaða. Hann hafi verið sérlega vel byggður og með sterkan afturhluta, sem sé vandfundið núorðið,

frá mjöðmum og alveg niður að tám, með góðum hæklum. „Feldurinn og skapgerðin var alveg til fyrirmyndar, svo ég tali nú ekki um pigmentið á svona ungum hvolpi. Þeir áttu það allir sameiginlegt í tegundinni”.

Chihuahua tík sem bræddi

Að sögn Daníels voru chihuahua hvolparnir góðir að gæðum. „Þeir fengu allir sérlega lofandi hjá mér, þó svo að ég hefði kosið að hafa þá ekki stærri en þeir eru orðnir, að öðru leyti var byggingin lofandi. Það var síðhærð chihuahua tík í yngri flokki sem bræddi mig alveg í gegn, skapgerðin og sköpulagið heilt yfir”. Aðspurður um veikleika nefnir hann að liðamótin að framan(e.pastern) hafi þó verið of veik og vísað út, hæklarnir hefðu einnig verið of veikir, þá fari fætur að vísa út og hreyfingar verða þröngar.

Lhasa apso stjarna

Daníel dæmdi einnig frekar unga tegund hér á landi, lhasa apso. „Þar var það tíkin sem vann tegundina sem var algjör stjarna, litasamsetningar og hreyfingar var það fyrsta sem fangaði augað og svo sveik hún mig ekki þegar ég kom við hana. Sérlega lofandi í allri sköpun, en mér fannst samt ásjónan á tíkinni sem var í öðru sæti fallegrri, fallegrri augu sem sýndu enga hvítu þegar hún var skoðuð”. Daníel nefnir rakka sem hafi verið sýndur, hann hafi verið svakalega fallegur en hann þurfi að læra að hafa gaman af sýningarhringnum. Lhasa apso séu þrjóskir hundar sem þurfi að fá jákvæða reynslu af hringnum og allri þjálfun tengdri sýningum. Aðspurður um eitthvað sem ræktendur mættu hafa í huga, nefnir hann að það sama mátti sjá bæði í lhasa apso sem og havanese, báðar tegundir eigi að vera lengri en hæðin, en þar hafi verið einstaklingar sem voru of leggjastuttir, það þyrfti að passa upp á í ræktun þessara tegunda.

Mjög lofandi griffon hvolpar

„Griffonarnir í efstu sætunum voru mjög lofandi, fallegir hausar þó þeir séu ekki komnir í rétt hlutföll við kroppinn, og þá þarf sérstaklega að passa hjá þeim bitið og lögunina á neðri kjálkanum. Það var til fyrirmyndar hjá þeim sem unnu tegundina”.

Alltaf hægt að lesa ræktunarmarkmið tegundar einu sinni enn

Aðspurður um það hvort ræktendur viðkomandi tegunda þurfi að varast eitthvað sérstaklega segir hann að gott ráð sé að lesa ræktunarmarkmið tegundar enn einu sinni. „Það er í sjálfu sér ekkert sem mér finnst að fólk þurfi að varast út frá upplifun minni eftir þessa sýningu sérstaklega, en ráð mitt til þeirra sem eru að rækta er að lesa ræktunarmarkmið tegundarinnar nógu oft, þó maður telji sig þekkja það til fullnustu, og hittast jafnvel og lesa það og ræða. Annað sem er mikilvægt er þjálfun á hvolpum og hundum fyrir sýningar. Öll þjálfun þarf að vera jákvæð og skemmtileg og varast það að krefja hundinn fram yfir hans þolmörk. Það er ekkert eins áttakanlegt eins og að horfa á hunda sem vilja ekki, eða þola ekki, að vera í þeim aðstæðum sem þeim er haldið í”.

Daníel var eins og áður sagði afar ánægður með sýninguna og umgjörð hennar og tekur fram að það hafi staðið upp úr að finna félagsandann líða um sýningar svæðið. „Gleðin í loftinu og sá veruleiki að lífið sé að taka á sig eðlilega mynd á ný”.

Sóley Halla Möller

„Munum að njóta og hafa gaman!”

Líkt og aðrir viðmælendur Sáms var Sóley Halla virkilega ánægð með sýninguna í heild sinni. „Það var allt til fyrirmyndar eins og alltaf, uppsetning og ut anumhald. Mikil gleði lá í loftinu og greinilega mikil löngun til að komast loksins á hundasýningu”.

Að þessu sinni dæmdi Sóley Halla russian toy, papillon, australian silky terrier, border terrier, jack russel terrier, miniature dachshund, gordon setter, irish red setter, og vizslu.

Að mati Sóleyjar stóð algerlega upp úr hvað hvolparnir voru allir duglegir, það væri ekki sjálfgefið hjá svo ungum hvolpum á sinni fyrstu sýningu.

Gordon setter í háum gæðum

Aðspurð um hvaða hvolpar hafi að hennar mati verið framúrskarandi nefnir hún að hún hafi verið mjög hrifin af gordon setter hvolpunum. „Ég var mjög hrifin af þeim, svakalega jöfn og fín með falleg höfuð og hreyfingar, mjög spennandi hvolpar. Einnig var yngri flokkur í papillon sterkur, þar voru einstaklingar sem gaman verður að fylgjast með”.

Sóley nefnir að ræktendur þurfi að passa upp á að hlúa að tegundinni og ræktunarmarkmiðum hennar og var hún mjög ánægð með alla sem komu til hennar í dómhring.

Sterkur hópur í úrslitum yngri flokks

Hún dæmdi úrslit sýningarinnar í yngri flokki og var ljóst að það var krefjandi verkefni fyrir hvaða dómara sem er. „Ég var svo heppin að fá að dæma úrslitin í yngri flokknum og það var æði en samt svo erfitt því þau voru öll svo fín. Að þurfa að velja í fjögur sæti var svakalega erfitt, en ég var mjög sátt við topp fjóra. Þetta voru allt hvolpar í góðum gæðum sem eiga eftir að verða fyrirmyndar fulltrúar sinnar tegundar”.

Að sögn Sóleyjar stóð algerlega upp úr að hafa loksins getað mætt á sýningu og að verða vitni að gleðinni og spennunni hafi verið dásamlegt eftir langt hlé.

Sóley Ragna Ragnarsdóttir

„Kærleikur, vinskapur og gleði!”

Sóley Ragna var á sama máli og aðrir dómara sýningarinnar, henni fannst gaman að fá loksins að „hundast” og var ánægð með alla umgjörð, starfsfólk og sýnendur, svo ekki sé talað um hvolpana. Hún dæmdi bernese mountain dog, boxer, miniature pinscher, rottweiler, saint bernhard, boston terrier og french bulldog.

Sóley var síðast að dæma hér á landi árið 2018 og fann mikinn mun á því hvað þáttur tækninnar hefur gert mikið fyrir sýningarnar hérlendis með aðkoma nýja tölvukerfisins. Það sé mikill tímasparnaður í dómhringjum og hefur hún sjálf mjög gaman að auknu aðgengi að umsögnum.

Snögghærða sankti bernhards tíkin skaraði framúr

„Heilt yfir var ég mjög ánægð með gæðin á þeim hvolpum sem mættu til mín í dóm en ég verð að viðurkenna að snögghærða sankti bernhards tíkin úr yngri hvolpaflokki ber þar höfuð og herðar yfir aðra hvolpa. Hún samsvaraði sér ofboðslega vel, hreyfði sig óaðfinnanlega og bjó yfir mörgum tegundatýpískum einkennum. Það er ekki oft sem svona stórir hvolpar samsvara sér jafn vel og þessi tók gerði, ég trúi því ekki öðru en að hún eigi spennandi sýningarferil fyrir höndum. . . eða þófum!”.

Framtíðin er björt

„Gæðin voru heilt yfir mjög góð í þeim tegundum sem ég dæmdi og eftir daginn trúi ég ekki öðru en að framtíðin sé björt. Ég var virkilega hrifin af sankti bernhards hvolpunum og fannst gæðin einnig nokkuð góð í rottweiler. Þá var ég sérstaklega hrifin af rottweiler tókinni sem vann. Líkamsbyggingin var í góðu jafnvægi og hún hreyfði sig fallega. Hún á samt auðvitað eftir að breikka og fá aukna fyllingu. Það á líka við um systkini hennar. Ég var mjög hrifin af franska bulldog rakkanum sem vann tegundina en hann var virkilega

tegundundatýpískur án þess að vera ýktur á nokkurn hátt og hreyfði sig vel. Einnig var ég frekar skotin í boxer tíkinni sem vann, hún á enn eftir töluverðan þroska en var með dásamlegt höfuð og fallegan svip”.

Þegar Sóley er innt eftir álitinu á því hvort það sé eitthvað sem ræktendur þurfa að varast segir hún að það sé ekkert sérstakt, ræktunin virðist vera á góðri leið, þó lengi geti gott batnað.

Margir með góða kosti

„Í miniature pinscher voru allir hvolpar með vel gerð höfuð, rétt bit, búkstuttir og með fallegan feld. Mér fannst þó víða vanta upp á framvinkla og upp til hópa var „croup-ið“ of stutt sem varð til þess að skottburður var of hár þó skottstaðan væri rétt”.

Sóley segir að berner sennen hvolparnir hafi verið mjög fínir en frekar ólíkir í gerð og þurfi meiri tíma til að þroskast. Allir voru þó með falleg höfuð, góðan feld, fallegan svartan lit og réttar merkingar. Boxer hvolparnir hefðu verið frekar ólíkir í gerð og með ólíka kosti og galla. „Rakkinn var vel gerður á búkinn en ég hefði viljað tegundatýpiskara höfuð. Ég hefði viljað aðeins meiri framvinkla og frambrjóst á tíkina sem enn var mjög unleg á skrokkinn. Hún var hins vegar með framúrskarandi höfuð, varir og trýni, stutt á búkinn og mjög grípandi ung tík. Ég var heilt yfir ánægð með gæðin á rottweiler hvolpunum sem voru með falleg hlutföll í höfði og góða breidd í kúpu. Flestir áttu þó enn eftir að breikka yfir búkinn og jafnast út í hlutföllum en sumir hverjir voru ýmist búklangir eða háfættir. Þeir hreyfðu sig heilt yfir vel og þá sérstaklega tíkin sem vann en hún hreinlega sveif um hringinn”.

Framúrskarandi sankti bernhards hvolpar

Að mati Sóleyjar voru gæðin í sankti bernhards framúrskarandi og hvolparnir verulega fallegir. Þeir voru á ólíkum aldri og því á ólíkum stað í þroska. Yngri hvolparnir hafi margir hverjir verið aðeins búkstuttir enn sem komið er og sumir hvolpanna hefðu mátt vera með sterkara „pastern“ og tærnar mátt liggja þéttar saman. Allir hefðu þeir verið með falleg, vel gerð höfuð, háfættir og hreyfðu sig virkilega vel. „Það er ekki oft sem þetta stórir hundar búa yfir jafn miklu jafnvægi á hreyfingu og í hlutföllum og ég sá á þessari hvolpsýningu”.

Stuttir brjóstkassar áberandi

Sóley nefnir næst frönsku bulldog rakkana sem voru mjög fínir, allir voru þeir með góðan, breiðan frampart og vel hvelfdan brjóstkassa. „Ég hefði þó viljað sjá aðeins kraftmeiri undirkjálka með meiri breidd og lengri skott. Höfuðkúpurnar voru breiðar og flestir stuttir og í góðum hlutföllum. Rakkinn sem vann var með framúrskarandi hreyfingar og sýndi sig vel frá öllum hliðum”.

Hún segir að boston terrier rakkinn hafi verið mjög sjarmerandi þrátt fyrir að vera enn áberandi hvolpslegur og eigi eftir að taka út töluverðan þroska. „Hann var með mjög fallegt og vel gert höfuð, góðan undirkjálka og eyru en lögun augnanna spillti aðeins fyrir svipnum. Hann var búkstuttur og að mörgu leyti vel gerður þrátt fyrir að vera enn mjög unglegur.

Aðspurð um hvað ræktendur ættu að varast segir hún: „Eina vandamálið sem mér fannst skjóta upp kollinum í flestum ef ekki öllum tegundum var stuttur brjóstkassi og stutt brjóstbein. Þetta er vaxandi vandamál í öllum tegundum og virðist vera erfitt að rækta það út. Ég vil því hvetja alla ræktendur til þess að skoða þetta sérstaklega og reyna að tryggja að ræktunardýr séu með góðan, langan brjóstkassa”.

Var hringstjóri í úrslitum

Aðspurð um hvolpana í úrslitum sýningarinnar segir Sóley að henni hafi þótt gaman að fá að vera hringstjóri í úrslitum og hafi fengið að skoða þessa gullfallegu sigurvegara vel. „Ég get ekki sagt að ég hafi öfundað Sóleyju Höllu og Herdísi af því að þurfa að velja úr þessum stórglæsilega hópi en tel að þær hafi valið virkilega fallega hvolpa í efstu sætin. Eins og ég sagði áður er framtíðin sannarlega björt”.

Umhverfis -og sýningarþjálfun þarf að taka föstum tókum

„Helsta ábending mín til eigenda og ræktenda eftir sýninguna er að taka umhverfis- og sýningarþjálfun föstum tókum. Síðasta árið hefur vissulega verið undarlegt og ólíkt því sem

við erum vön og því þurfa eigendur að vera enn útsjónasamari þegar kemur að því að þjálfa hvolpa og unga hunda”.

Að fá að hundast aftur og hitta fólk sem deilir sömu ástríðu er það sem stendur upp úr hjá Sóleyju eftir þessa hvolpasýningu. „Að undanskildum öllum gullfallegu hvolpunum sem ég fékk að njóta þess að skoða og horfa á stendur helst upp úr að hafa fengið að „hundast“ aftur! Það er alveg ótrúlega gefandi að hitta hóp af fólki sem deilir sömu ástríðu og áhuga og þú”.

Þórdís Björg Björgvinsdóttir

„Gaman að sjá nýtt fólk með nýja hvolpa!”

Vel skipulögð sýning og frábært veður

Þórdís Björg var sátt við sína reynslu frá sýningunni og er alltaf ánægð með að mæta á Víðistaðatún, það sé svo fallegur staður, ekta fyrir hundasýningu. „Við vorum svo heppin með veður og öll umgjörð var svo flott og vel skipulögð”.

Þórdís dæmdi schnauzer hvolpa á sýningunni, allar tegundagerðir. Hún dæmdi síðast á útsláttarkeppninni 2020 en í þetta sinn var hún sjálf fullbólusett, það var helsti munurinn á milli ára.

Mikið af fallegum einstaklingum í öllum stærðum og litum

„Það var ánægjulegt að sjá svo marga fallega einstaklinga í öllum litum og stærðum. Hvolparnir voru líka flest allir vel þjálfaðir og stóðu sig einstaklega vel í hringnum. Mér fannst gæðin almennt vera mjög góð og ég var mjög ánægð með sigurvegarana mína”.

Aðspurð um hvort að það sé eitthvað sem hún hnaut um sem ræktendur ættu að varast nefnir hún bit vandamál. „Neðri vígtennur voru of þröngar og voru að fara upp í efri góm. Ég sé þetta vandamál líka í öðrum tegundum en ég vona að þetta eldist af þeim flestum“. Þrátt fyrir þetta var Þórdís mjög ánægð með einstaklingana sem mættu í dómhringinn hjá henni. „Mér fannst meiri hluti hvolpanna samsvara sér mjög vel, með fallegar hreyfingar. Það verður spennandi að sjá þá í framtíðinni“.

Varðandi úrslitin fannst henni magnað að sjá alla þessa hvolpa hver öðrum fallegri, og mikinn fjölda af mismunandi tegundum. Valið hljóti að hafa verið erfitt fyrir dómaraana í úrslitahringjunum.

Framúrskarandi starfsfólk og sýnendur í hring

„Ég var með framúrskarandi starfsfólk í hringnum mínum. Sýnendur voru allir mjög flottir og nokkrir sem voru að koma í fyrsta skipti í hringinn og voru að vanda sig mjög mikið. Alltaf gaman að sjá nýtt fólk. Á sýningunni voru fallegir hvolpar, skemmtilegt fólk, gott veður og vonandi endalok covid!“.

Við þökkum dómurunum kærlega fyrir að gefa okkur innsýn inn í sína upplifun af dómstörfum í hring á þessari dásamlegu hvolpasýningu og óskum þeim alls hins besta!